

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík 25. september 2016

Efni : Umsögn um frumvarp til laga um höfundalög (eintakagerð til einkanota)-870.mál.

FÉLA HLJÓMPLÖTUFRAMLEIÐENDA hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Félagið er aðili að IHM, en stjórn þess hefur um árbil barist fyrir því að allir rétthafar innan IHM fái sanngjarnar bætur fyrir eintakgerð til einkanota.


Verulegur samdráttur hefur orðið í tekjum IHM á undanförunum árum þar sem ekki hefur verið greitt af þeim nýju tækjum til eintakagerðar sem komið hafa á markað á síðustu árum svo sem farsímum og tölvum.

Stjórn FHF styður einróma efni þessa frumvarps sem kemur til móts við þá tekjuskerðingu sem orðið hefur hjá rétthöfum og lýst er hér að ofan.

Ljóst er að allir þurfa að leggjast á eitt til að frumvarpið verði afgreitt á lokadögum þingsins, en vegna þeirra fjárhagslegu hagsmuna sem eru í húfi er mjög brýnt að svo megi verða..

Virðingarfyllt

F.h. stjórnar FHF


Ásmundur Jónsson